

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Umsögn um lagafrumvarp. Græðarar.


Ríkisskattstjóri hefur 23.nóvember sl. móttengið beiðni yðar um umsögn um frumvarp til laga um græðara, 246.mál yfirstandandi þings.


Af þessu tilefni skal þetta tekið fram:

Ríkisskattstjóri hefur ekki fram að færa athugasemdir við efni frumvarpsins. Hins vegar er ástæða til að taka fram að starfsemi græðara er virðisaukaskattskyld á sama hátt og starfsemi annara sem stunda heilsutengda þjónustu en hafa ekki löggildingu sem heilbrigðisstétt.

Af frumvarpinu verður ráðið að ekki sé ætlunin að græðarar muni hljóta löggildingu sem heilbrigðisstétt og þjónusta þeirra mun þar af leiðandi ekki teljast eiginleg heilbrigðisþjónusta í skilningi 1. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Komi hins vegar til þess að heilbrigðisstofnun verði skylt samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum að veita sjúklingum, og öðrum skjólstæðingum sínum, þjónustu græðara þá telst sú þjónusta heilbrigðisstofnunarinnar undanþegin virðisaukaskatti á grundvelli umrædds lagaákvæðis.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Sigrún Högnason


Steinþór Haraldsson